

# VEGAS

ALLT LAGT UNDIR TIL SÍÐASTA KASTS!

## HUGMYNDIN Á BAK VIÐ SPILIÐ

Leikmenn eru fjárhættuspilarar sem freista gæfunnar í glysveröld Las Vegas.

Hægt er að spila í sex spilavítum sem hvert ber sitt númer. Í hverju þeirra er hægt að vinna misháa heildarfjárhæð. Í hverri umferð þurfa leikmenn að spyrja sig sömu spurninga: Á hvaða spilavíti á ég að leggja flesta teningana mína til að ná meirihluta? Hvar munu mótspilararnir leggja sína teninga? Og hvar er hugsanlegt að næla sér í væna summu fyrir framan nefið á keppinautum til að stinga í eigin vasa?

Farið þó varlega, því baráttan um stóru fjárhæðirnar hefur oftast en einu sinni hlotið óvæntan endi. Sá hlær best sem síðast hlær!

Sá sigrar, sem á mesta peninga eftir fjórar umferðir.

## HUGMYNDIN Á BAK VIÐ SPILIÐ

Leikmenn eru fjárhættuspilarar sem freista gæfunnar í Las Vegas

Í hverri umferð leggja þeir teningana sína á spilavíti til að freista þess að eiga flesta teninga þar

Sá sigrar sem grætt hefur mest

## INNIHALD

40 teningar (8 í hverjum lit)

6 spilavíti (númeruð eftir teningagildunum 1-6)

54 peningaseðlar (5 að upphæð \$60,000, \$70,000, \$80,000 og \$90,000; 6 að upphæð \$10,000, \$40,000 og \$50,000; 8 að upphæð \$20,000 og \$30,000).

1 upphafsspil, sem sýnir hvaða leikmaður byrjar umferðina

Áður en spilið er spilað í fyrsta sinn eru spilavítin sex fjarlægð varlega úr papparömmunum.

Þegar spilað er í fyrsta sinn hjálpar textinn í hliðarrömmunum lítið.

Um er að ræða stutta útgáfu af reglunum til upprifjunar fyrir leikmenn

## UPPRÖÐUN

Raðið spilavítunum sex hlið við hlið á miðju borðsins í númeraröð (sjá mynd).

Stokkið peningaseðlana 54 og setjið þá í bunka á hvolf við hliðina á spilavítunum. Leggið síðan peningaseðla fyrir ofan hvert spilavíti. Haldið áfram að bæta við seðlum uns heildarupphæðin hefur náð a.m.k. \$50.000. Ef fleiri en einn seðill er settur við spilavíti skal raða þeim þannig að verðgildi þeirra allra sjáist (sjá mynd).

Hver leikmaður fær 8 teninga í sama lit.

Elsti leikmaðurinn fær upphafsspilið.

## UPPRÖÐUN

- Raðið upp spilavítunum
- Stokkið seðlana og leggið a.m.k. \$50.000 við hvert spilavíti
- Hver leikmaður fær 8 teninga í sama lit

Mynd:

Golden Nugget Caesar's Palace The Mirage Sahara Luxor Circus Circus

## GANGUR SPILSINS

Spilaðar eru fjórar umferðir alls og í hverri umferð fær hver leikmaður að kasta teningunum u.þ.b. fjórum til fimm sinnum.

Elsti leikmaðurinn byrjar (fær upphafsspilið) og síðan gerir hver af öðrum og er farið réttisælis í kringum borðið.

Sá sem á leik kastar *öllum* teningunum sem hann á eftir (öllum 8 í byrjun og svo færri og færri eftir því sem á líður). Síðan *verður* hann að velja *eina* af þeim tölum sem upp koma á teningunum hans og setja *alla* teninga með þeirri tölu á spilavítið sem ber sömu tölu. Það skiptir ekki máli hvort hann eða einhver annar hefur þegar lagt teninga á það spilavíti eða ekki.

Því næst kastar næsti leikmaður sínum teningum og leggur niður á sama hátt og þannig koll af kolli uns *allir* leikmenn hafa lagt niður *alla* teningana sína.

*Dæmi: Benni kastar teningum (þegar umferðin er hálfnuð) og fær fjóra þrista og eina fimmu. Hann velur þristana fjóra og leggur þá alla á Mirage-spilavítið (hann má ekki leggja niður einn, tvo eða þrjá af þristunum!). Þegar Benni á næst leik kastar hann og leggur síðasta teninginn sinn á spilavíti með samsvarandi tölu.*

## **GANGUR SPILSINS**

**Sá sem á leik kastar öllum teningunum sínum og leggur síðan *alla* teninga með sömu tölu á samsvarandi spilavíti**

Þegar leikmaður hefur lagt niður alla teningana sína situr hann hjá til loka umferðarinnar (*það getur farið þannig að aðeins einn leikmaður eigi teninga eftir og fái þá að kasta mörgum sinnum í röð í lok umferðar*).

Þegar *síðasti* leikmaðurinn hefur lagt niður *síðasta* teninginn sinn á eitthvert spilavítanna, greiða spilavítin út vinningana:

Bytjið á að kanna, í öllum spilavítunum, hvort tveir eða fleiri spilarar hafi lagt *sama fjölda* teninga á þau. Ef það gerist verður *hver og einn þeirra* að taka *alla* þá teninga aftur til sín.

*Dæmi 1: Anna lagði 5 teninga á Ceasar's Palace-spilavítið, Benni og Klara lögðu 3 teninga hvort og Daniel lagði 1 tening þar. Benni og Klara þurfa bæði að taka teningana sína 3 til baka.*

*Dæmi 2: Anna og Klara lögðu báðar 2 teninga á Golden Nugget-spilavítið en Benni og Daniel lögðu 1 hvor. Allir leikmennirnir þurfa að taka teningana sína til baka.*

Þá er kominn tími til að útdeila peningaseðlunum úr fyrsta spilavítinu.

Sá leikmaður sem lagði *flesta* teninga á það spilavíti tekur þá til baka og fær hæsta peningaseðilinn úr spilavítinu. Ef fleiri seðlar eru þar er þeim skipt á milli hinna leikmannanna eftir teningafjölda þeirra. Ef ekki eru nógu margir seðlar fyrir alla, missa þeir af sem eiga fæsta teninga. Þeir taka teningana sína til baka en fá enga peninga.

Ef enn eru eftir seðlar í spilavítinu þegar greitt hefur verið út, eru þeir settir á hvolf *undir* bunkann.

Greitt er út úr hinum spilavítunum fimm á sama hátt. Leikmenn leggja peningana, sem þeir vinna, á hvolf fyrir framan sig.

*Dæmi 1: Anna fær \$80.000-seðil og Daniel \$30.000-seðil. \$10.000-seðlinum er skilað neðst í bunkann.*

*Dæmi 2: Benni fær annan af \$40.000-seðlunum. Hinum er skilað neðst í bunkann.*

*Dæmi 3: Klara fær \$70.000-seðilinn og Benni \$20.000-seðilinn. Daniel fær ekkert.*

**Leikmenn sem hafa lagt niður alla teningana sína sitja hjá til loka umferðarinnar**

**Mikilvægt!**

**Leikmenn með sama fjölda teninga á spilavíti fá ekkert!**

**Sá sem á flesta teninga fær hæsta seðilinn, o.s.frv.**

### **Næsta umferð**

Fyllið aftur á spilavítin sex með seðlum svo að í hverju þeirra séu a.m.k. \$50.000 (*sjá Uppröðun*).

Sá sem situr vinstra megin við þann sem byrjaði fær nú upphafsspilið og hefur nýja umferð...

**Fyllið á hvert spilavíti með a.m.k. \$50.000 fyrir næstu umferð**

**Upphafsspilið gengur til næsta leikmanns á vinstri hönd**

**LOK SPILSINS**

**Spilinu lýkur eftir fjórar umferðir**

**Sá sigrar sem á mesta peninga**

**LOK SPILSINS**

Að fjórum umferðum loknum telja leikmenn peningana sína. Sá sigrar sem á mesta peninga. Ef um jafntefli er að ræða vinnur sá sem á flesta seðla. Ef enn er jafntefli eru fleiri en einn sigurvegari.

**ÖNNUR ÚTGÁFA (FYRIR 2-4 LEIKMENN)**

Spilað er eftir sömu reglum en með eftirfarandi undantekningum:

Í upphafi hverrar umferðar fá leikmenn, til viðbótar við lituðu teningana sína átta, aukateninga í *hlutlausum lit* sem enginn er að nota (t.d. hvítum).

- Ef 2 leikmenn spila fær *hver* leikmaður 4 hvíta teninga (alls 12 teninga)
- Ef 3 eða 4 leikmenn spila fær *hver* leikmaður 2 hvíta teninga (alls 10 teninga).

*(Ef þrír spila kastar sá sem byrjar hvítu afgangsteningunum tveimur í upphafi umferðar og leggur þá niður).*

Sá sem á leik hverju sinni kastar hlutlausu teningunum sínum með lituðu teningunum og leggur þá á sama hátt.

*Dæmi: Klara kastar og fær tvo ása á litaða teninga og einn hvítan ás. Hún fær einnig fimmu á litaðan tening og sexu á hlutlausan. Nú getur hún valið um að leggja niður alla ásana þrjá, lituðu fimmuna eða hlutlausu sexuna.*

Í lok umferðar eru stigin fyrir hlutlausu teningana reiknuð eins og þau tilheyru (imynduðum) aukaleikmanni. Allir peningar, sem þessi „leikmaður“ vinnur, eru settir neðst í bunkann.

*Dæmi 1: hvítur vinnur \$80.000-seðilinn (og hann er því settur neðst í bunkann) en Benni fær \$30.000-seðilinn.*

*Dæmi 2: Klara fær \$50.000-seðilinn og hvítur fær \$40.000-seðilinn (sem fer neðst í bunkann). Anna fær ekkert.*

**ÖNNUR ÚTGÁFA**

**Hver leikmaður fær aukateninga í hlutlausum lit:**

**4 (ef 2 spila) eða**

**2 (ef 3 eða 4 spila)**

**Leggið hlutlausu teningana á sama hátt og hina.**

Spurningar, athugasemdir eða gagnrýni má senda til:

alea  
Postfach 1150  
83223 Bernau, Germany  
Sími: 08051-970720 – Fax: 08051-970722  
e-mail: info@aleaspiele.de – www.aleaspiele.de